



Reykjavík, 10. mars 2026
USK26020017

Gufuneskirkjugarður – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / Breyting á deiliskipulagi


Lögð fram fyrirspurn Kirkjugarða Reykjavíkur, dags. 2. febrúar 2026, um breytingu á deiliskipulagi Gufuneskirkjugarðs sem felst í að heimiluð verði stækkun á byggingarreiti fyrir nýja vélaskemmu.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Tillaga að nýju deiliskipulagi.

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingarnar Þvervegi 17-19 borgarhluta 8. Grafarvogur og er hluti af svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti K3.


Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Gufuneskirkjugarð, samþykkt í borgarráði þann 30. maí árið 2000, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Samkvæmt deiliskipulagi eru þrír byggingarreitir A, B og C. Byggingarreitur C er 2500 m² og er staðsettur til norðurs við Borgarveg. Á reitnum standa nú 4 smáhýsi og ein vélaskemma. Vestan megin við reitinn er duftgarður, norðan megin er athafnasvæði og austan megin er auka tenging inn í garðinn. Aðalaðkoma að garðinum er um Þverveg frá Hallsvegi, auka tenging er við Borgarveg, sú tenging er hugsuð sem varaleið ef hin lokast tímabundið (snjór, umferðarteppa). Í skilmálum núverandi deiliskipulags stendur að heimilt sé að byggja vélageymslur og varanlega aðstöðu fyrir rekstur garðanna og starfsmenn. Áætlað byggingarmagn sé allt að 1000 m² og að byggingar séu á 1h með rúmum hæðartakmörkun.



Reykjavík




Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa um breytingu á deiliskipulagi Gufuneskirkjugarðs. Breytingin felst í að heimila stækkun byggingarreits fyrir nýja vélaskemmu á vesturhluta athafnasvæði félagsins í Gufunesi til að hýsa vélakost sem notaður er við þjónustu kirkjugarðsins í Grafarvogi. Skemman yrði einhæð og rúmir 250 m².

Við stækkun byggingarreits og breytingu á deiliskipulagi þarf að hafa eftirfarnandi í huga:

- Á reitnum eru lágspennulagnir/heimtaug. Skemmuna skal staðsetja utan við þessar lagnir eða leggja fram beiðni um færslu þeirra.
- Huga skal að blágrænum ofanvatnslausnum og vernda skal líffræðilegan fjölbreytileika með því að hámarka gróðurþekju svæðisins og endurheimta að mestu það græna fótspor sem fer undir framkvæmd byggðar.
- Tryggja góð tengsl um svæðið fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur.
- Fylgja skal skilmálum núverandi deiliskipulags sem kveður á um að bygging verði 1 hæð með rúmum hæðartakmörkunum.
- Tryggja að bygging og frágangur lóðar falli vel og fagurfræðilega að umhverfi.
- Að vélaskemman sé hönnuð og staðsett þannig að hún sé í samræmi við núverandi smáhýsi á lóðinni hvað varðar stærð, efnisval, lit og sjónræna mótun.



Reykjavík



Niðurstaða

- Tekið er jákvætt í erindið að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ólavía Rún Grímsdóttir



Reykjavík